

Fimmtudaginn 8. febrúar 1996.

Nr. 209/1994.

Hallgrímur Viggó Marinósson

(Magnús Thoroddsen hrl.)

gegn

Íslenska ríkinu

(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.)

Gæsluvarðhald. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson og Bjarni K. Bjarnason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 5. maí 1994 og krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 1.500.000 krónur með vöxtum eftir 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. febrúar 1992 til greiðsludags. Einnig krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að stefnukröfur verði lækkaðar og málskostnaður þá felldur niður.

I.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, var áfrýjandi með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 11. mars 1993 sýknaður af öllum kröfum, sem ákærvald gerði á hendur honum vegna eldsvoða í húsinu Borgartúni 32 aðfaranótt 3. febrúar 1992. Í sýknudóminum eru tölur verðar líkur taldar fyrir sekt áfrýjanda, en jafnframt segir þar, að varhugavert þyki að slá því föstu, að hann sé sekur um það, sem honum var gefið að sök í ákæru.

II.

Pegar bruninn varð, hafði áfrýjandi rekið Sportklúbbinn frá 1. nóvember 1991 eða í þrjá mánuði. Keypti hann aðstöðu, áhöld og tæki til rekstrarins og greiddi kaupverðið með skuldabréfum og víxlum. Hluti kaupverðsins og nokkrar aðrar skuldir tengdar rekstri áfrýjanda féllu í gjalddaga 1. febrúar 1992. Eftir gögnum málsins

gekk rekstur Sportklúbbsins illa, og verður ekki annað séð en rekstur hans hafi verið kominn í ógöngur fjárhagslega. Áfrýjandi keypti 17. janúar 1992 váttryggingu á lausafé, að fjárhæð 30.500.000 krónur, rekstrarstöðvunartryggingu og fleiri váttryggingar vegna Sportklúbbsins. Gögn um greiðslu váttryggingarbóta liggja ekki fyrir í málinu.

Leggja verður til grundvallar þá niðurstöðu dómsins 11. mars 1993, að orsök eldsvoðans hafi verið sú, að eldur var lagður í húsið með „rokfimum lífrænum efnum“ á þremur stöðum á fyrstu hæð. Áfrýjandi segir húsið hafa verið mannaust, þegar hann fór úr húsinu og hélt heimleiðis. Mikill eldur var í húsinu, skömmu eftir að áfrýjandi fór þaðan, eins og nánar greinir í héraðsdómi. Ekki eru fyrir hendi ákveðnar vísbendingar um, að aðrir hafi farið inn í húsið á þeim stutta tíma, sem hér um ræðir. Þegar litið er til þess og jafnframt haft í huga það, sem áður greinir um fjárhagserfiðleika áfrýjanda, verður ekki talið líklegra, að áfrýjandi sé saklaus en sekur af háttsemi þeirri, sem hann var ákærður fyrir, sbr. 2. tl. 1. mgr. 150. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, sbr. nú b-lið 1. mgr. 175. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með vísun til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda, þar með talin málflutningslaun lögmanns hans, 150.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Hallgrímur Viggó Marinósson, greiði stefnda, íslenska ríkinu, 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal málflutningsþóknun lögmanns hans, 150.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 20. apríl 1994.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var þriðjudaginn 12. apríl sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Hallgrími Viggó Marinóssyni, kt. 160744-3329,

Dragavegi 6, Reykjavík, með stefnu, birtri 3. september 1993, á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða stefnanda miskabætur, að fjárhæð 1.500.000 kr., ásamt [vöxtum og málskostnaði].

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati réttarins, en til vara, að dómkröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og í því tilfalli verði málskostnaður látinn niður falla.

II.

Málavextir.

Málavextir eru þeir, að aðfaranótt 3. febrúar 1992 kom upp eldur í Sportklúbbnum, Borgartúni 32, Reykjavík, sem stefnandi rak, og hafði hann á leigu húsnæðið að Borgartúni 32. Sömu nótt var stefnandi færður til yfirheyrslu til Rannsóknarlögreglu ríkisins. Hinn 4. febrúar 1992 kom stefnandi fyrir sakadóm Reykjavíkur til yfirheyrslu vegna kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhald. Með úrskurði sakadóms Reykjavíkur, upp kveðnum sama dag, var stefnandi úrskurðaður í gæsluvarðhald til 7. febrúar kl. 16.00. Þann dag framlengdi sakadómur gæsluvarðhaldsvistina að kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins til 14. sama mánaðar kl. 16.00, en þann dag var stefnandi látinn laus úr haldi.

Með ákæruskjali ríkissaksóknara, út gefnu 22. desember 1992, var stefnandi ákærður fyrir brennu með því að hafa um miðnætti aðfaranótt mánu dagsins 3. febrúar 1992 lagt eld að þremur stöðum á fyrstu hæð í Sportklúbbnum, Borgartúni 32, Reykjavík, í anddyri neðst í stigagangi, á bar og við sviðshorn, þar sem ruslapokar stóðu, og notað til þess rokfim efni. Var brotið talið varða við 164. gr. 1. nr. 19/1940, en til vara við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 257. gr. s. 1.

Ákærða var einnig gefið að sök að hafa með framangreindum eldsvoða gert tilraun til váttryggingarsvika, en hann hafði keypt samsetta váttryggingu, sem í var m. a. fólgin rekstrarstöðvunartrygging, að váttryggingarfjárhæð 14.730.000 kr., hjá Váttryggingafélagi Íslands hf., og tók tryggingin gildi 17. janúar 1992. Var brotið talið varða við 248. gr., sbr. 20. gr. 1. nr. 19/1940.

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 11. mars 1993, var stefnandi sýknaður af öllum kröfum ákæruvalds.

Stefnandi krefst miskabóta fyrir gæsluvarðhald að ósekju.

Málsástæður stefnanda.

Stefnandi kveðst hafa þjáðst bæði andlega og líkamlega í einangrun gæsluvarðhaldsins. Hann hafi gersamlega misst matarlyst og lést um 10 kg. Gerir hann kröfu um 1.500.000 kr. í miskabætur.

Þegar fréttist um handtöku stefnanda í tengslum við brunann, hafi upp hafist mikið fjölmiðlafár gegn honum, þar sem segja megi, að hann hafi raunverulega verið sakfelldur án dóms og laga. Allt hafi þetta valdið stefnanda og fjölskyldu hans miklum sárindum, þjáningum og röskun á stöðu og högum. Stefnandi hafði bundið miklar vonir við ábatasaman rekstur Sportklúbbsins, og hafi hann haft tiltekin áform á þróunum í þeim efnum. Allt hafi þetta orðið að engu við brunann, og nú vinni hann sem sendiblfstjóri í Reykjavík, og sé hætt við, að hann missi hús sitt vegna þessa áfalls.

Um bætur fyrir gæsluvarðhald að ósekju vísar stefnandi til 150. gr., 152. gr., sbr. 155. gr. þágildandi laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, sbr. ákvæði 175. gr., 176. gr. og 179. gr. núgildandi laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991.

Málsástæður stefnda.

Stefndi kveður bótaskilyrði a-liðar 176. gr. l. nr. 19/1991 vera þau, að lög-mæt skilyrði hafi brostið til þeirra aðgerða, sem þar um ræðir. Engu líku sé til að dreifa, og verði að líta svo á, að ekki sé á því byggt skv. stefnu í málinu.

Bótaskilyrði b-liðar 176. gr. sé, að ekki hafi verið nægilegt tilefni til frelsis-sviptingarinnar eða framkvæmd hennar hafi verið áfátt, eins og þar greini. Að því er taki til þess, hvort nægilegt tilefni hafi verið til gæsluvarðhalds, sé nær að spyrja, hvort það hefði ekki verið mikill galli á lögreglurannsókn, hefði stefnandi ekki verið látinn sæta einangrun. Svarið hljóti að vera ját-andi. Meði glögg sjá þetta af dskj. nr. 3.

Af hálfu stefnanda sé því ekki haldið fram í stefnu, að gæsluvarðhald hafi verið framkvæmt á óþarflega hættulegan, særandi eða móðgandi hátt, eins og segi í b-lið greinarinnar. Í málinu liggi ekki annað fyrir en stefnandi hafi sætt venjulegri vist gæslufanga, og lýsing hans á líðan sinni í fangelsinu sé ósönnuð. Stefnandi beri enga ábyrgð á henni. Sama sé um umræðu í fjölmiðlum um mál stefnanda. Slík umræða sé ekki á ábyrgð ríkissjóðs.

Forsendur héraðsdómara á bls. 31–34 á dskj. nr. 3 beri glögglega með sér, að meiri líkur verði að telja til þess, að stefnandi málsins sé sekur um þá háttsemi, sem hann var ákærður fyrir, heldur en saklaus. Af hálfu stefnanda í stefnu sé ekki vísað til þess, að skilyrðum 175. gr. sé fullnægt.

Ljóst sé, að ekki sé til að dreifa bótaábyrgð ríkissjóðs í málinu. Af hálfu

stefnda sé gerð krafa um málskostnað skv. 178. gr. oml. og 130. gr. eml. Til vara er gerð krafa um stórfellda lækkun á stefnukröfum. Dómkrafan sé fjarri lagi og ekki í samræmi við dómvenju.

IV.

Forsendur og niðurstaða.

Stefnandi reisir kröfur sínar á 150., 152. og 155. gr. þágildandi laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, eins og áður hefur komið fram. Ekki liggur fyrir, að um skilyrði 1. mgr. 152. gr. laganna sé að ræða. Samkvæmt 2. mgr. 152. gr. segir, að um bætur fyrir gæsluvarðhald annars fari eftir 150. gr. Samkvæmt 2. tl. 150. gr. eru skilyrði þess, að bótakröfur megi taka til greina, þau, að rannsókn hafi verið hætt eða ákæra ekki hafin, vegna þess að sú háttsemi, sem sökunautur var borinn, hafi talist ósaknæm eða sönnun hafi ekki fengist um hana eða hann hafi verið sýkn dæmdur með óáfrýjuðum eða óáfrýjanlegum dómi af sömu ástæðu, enda megi fremur telja hann líklegan til að vera sýknan af henni en sekan.

Eins og áður hefur komið fram, var stefnandi máls þessa sýknaður af ákæru um íkveikju með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 11. mars 1993. Í dóminum, sem lagður hefur verið fram sem dómskjal nr. 3 í máli þessu, kemur fram, að sannað sé, að eldur hafi ekki kviknað af völdum rafmagns og að lagður hafi verið eldur í húsið með rokfimum, lífrænum efnum. Kemur enn fremur fram, að stefnandi (ákærði í því máli) hafi verið einn í húsinu, eftir að síðustu gestir fóru um kl. 23.30. Ekki var samræmi í framburði ákærða um tímasetningu á því, hvenær hann hvarf á brott úr húsinu, og kemst dómariinn að þeirri niðurstöðu, að samkvæmt framburði ákærða svo og samkvæmt framburði eiginkonu hans og dóttur hafi hann farið úr húsinu í fyrsta lagi kl. 23.50 og í síðasta lagi kl. 0.10, en fyrsta tilkynning um eldsvoðann barst um kl. 0.22. Segir svo m. a. í forsendum fyrir niðurstöðu dómsins: „Pegar lögregla kom á staðinn eftir tilkynningu til hennar, væntanlega 2–3 mínútum eftir kl. 0.25, virtist húsið fullt af reyk, og rauk út um hverja glufu og hvert gat á húsinu.“ Síðar í forsendunum segir svo:

„Pegar allt er virt, sem nú hefur verið rakið, hafa verið færðar fram töluverðar líkur fyrir því, að ákærði hafi kveikt í húsinu eða átt hlut að því, að það var gert, enda með ólíkindum, hve eldur var magnaður í húsinu skömmum tíma eftir brottför hans úr því, aðeins 10–20 mínútum síðar. Hins vegar var ekki kannað, að allar dyr hússins væru læstar, og fram er komið, að tvennar dyr á því hafi verið ólæstar, aðrar hugsanlega vegna elds, sem leikið hafði um þær. Þá er komið fram, að einhverjir, sem ekki er vitað, hverjir eru, hafi verið á ferð við húsið um það leyti, sem ákærði yfirgef það, eða

eftir það. Þá verður ekki byggt um sök ákærða á áfenginu né sjónvarpsbúnaðinum í bifreið hans, enda hefur ákærði sýnt fram á, að hann hefði alveg eins getað fjarlægt ýmislegt annað verðmætt úr húsinu, sem þar hafi brunn-ið inni.

Þrátt fyrir töluverðar líkur fyrir sekt ákærða, þykir varhugavert að full-yrða gegn eindreginni neitun ákærða frá upphafi og áðurgreindum vafa-atríðum, að nægjanlega margt sé fram komið, svo að fullvíst sé, að ákærði sé sekur um það, sem honum er gefið að sök í ákæru, enda ber að meta all-an vafa í málinu ákærða í hag. Ber því að sýkna ákærða af því, sem honum er gefið að sök í ákæru, og þar með af brotum á 164. gr. og 248. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga.“

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, svo og með hliðsjón af öðrum gögnum málsins, er ekki fallist á, að skilyrði niðurlagsákvæðis 2. tl. 1. mgr. 150. gr. 1. nr. 74/1974, sbr. b-lið 2. tl. 175. gr. 1. nr. 19/1991, séu fyrir hendi, og ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Málskostnaður milli aðila fellur niður.

Samkvæmt 178. gr. 1. nr. 19/1991 greiðist kostnaður stefnanda af málinu, þar með talin málflytningslaun lögmanns hans, Magnúsar Thoroddsen hrl., 85.000 kr., úr ríkissjóði.

Sigríður Ólafsdóttir héraðsdómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Hallgríms Viggós Marinóssonar, Dragavegi 6, Reykjavík.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, þar með talin málflytningsspóknun lögmanns hans, Magnúsar Thoroddsen hrl., 85.000 kr., greiðist úr ríkissjóði.